


# SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - AÐALSKIPULAG 2008-2028



ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR, MKV. 1:10.000 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, SVÆÐI NORÐAN VOGAVEGAR

Gildandi aðalskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 26.11 2009, staðfest af umhverfisráðherra 23.02 2010, m.s.br.



## Breyting á aðalskipulagi, svæði norðan Vogavegar.

Sveitarfélagið Vogar hefur samþykkt að gerð verði tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin fellst í eftirfarandi:

- Fellt er burt verslunar- og þjónustusvæði (VP-1) fyrir eldsneytisstöð með sjálfsafgreiðslu við iðnaðarsvæði (I-1) norðan Vogavegar. Stærð svæðisins er 0,15 ha.
- Þessi í stað er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-1) á sama hátt og aðliggjandi svæði. Iðnaðarsvæðið var fyrir breytingu 14,7 ha en verður eftir breytingu 14,85 ha.
- Í gildandi aðalskipulagi er sýnd akstursleið frá Vogavegi inn verslunar- og þjónustusvæði (VP-1) en sú tenging fellur út. Tenging þessi flokkast sem aðrir vegir og er því aðeins sýnd til skýringar í gildandi aðalskipulagi.


Ástæða breytingarinnar er sú að ekki eru lengur uppi áform um að byggja eldsneytisstöð með sjálfsafgreiðslu á svæðinu, en þessi í stað að nýta svæðið fyrir iðnaðarstarfsemi.

Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið sem fellst í því að lóð eldsneytisstöðvar ásamt tveimur litlum iðnaðarlóðum til norðurs breytast í lóð fyrir iðnaðarstarfsemi. Skilmálar fyrir byggingu á sameinaðri lóðinni þeir sömu og fyrir byggingar á aðliggjandi lóðum til suðurs.

Ástæða þess að um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi er að umrætt svæði verður skilgreint eins aðliggjandi iðnaðarsvæði og mun lóðum þess svæðið fækka um eina, úr 19 í 18. Iðnaðarsvæðið er það eina í eða við þéttbýlið í Vogum og fellur breytingin því vel að markmiðum aðalskipulagsins að þróun iðnaðarsvæða í þéttbýlinu í Vogum verði aðeins á áður nefndu afmörkuðu iðnaðarsvæði norðan Vogavegar.


Rauður hringur sýnir staðsetningu þess svæðis sem breyting á aðalskipulagi tekur til.

## Breytt aðalskipulag.



Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_



## Skipulagsskýringar

	Sveitarfélagsmörk		Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
	Þéttbýlismörk		Hraðlest
	Íbúðarsvæði		Göngustígur
	Svæði fyrir þjónustustofnanir		Gönguleiðir, þjóðleiðir
	Miðsvæði		Reiðstígur
	Verslunar- og þjónustusvæði		Hjólreiðastígur
	Athafnasvæði		Mislæg gatnamót
	Iðnaðarsvæði		Undirgöng
	Hafnarsvæði		Raflínum í lofti
	Opin svæði til sérstakra nota		Jarðstrengir
	Óbyggð svæði		Hitaveita
	Landbúnaðarsvæði		Vatnsveita
	Vötn, ár og sjór		Sjóvarmargarðar
	Stofnvegir		Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjasrá
	Tengivegir		Hverfisverndarsvæði, t.d á óbyggð svæði
			Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
			Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
			Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði

## Almennar skýringar

	Hæðarlínur, 2 metra
	Hús / Lögbyli

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjólum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-:1994 er Sveitarfélagið Vogar á hönnunarhraðasvæðum 0,15 g, 0,20 g.

19. Júní 2017  
 Umsjón: Landslag ehf.  
 Hnitakerfi: Lambert.  
 Hnattstaða: ÍSNET 93.  
 Kortagrunnar:  
 1:10 000 = Loftmyndir ehf.  
 1:30 000 = Hnit hf.



Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.